

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs.

Haldinn í Múlanum Neskaupstað miðvikudaginn 26. október 2021 kl. 13:30

Jón Björn Hákonarson, formaður Heilbrigðisnefndar Austurlands, bauð fundarmenn velkomna og tilnefndi Stefán Boga Sveinsson sem fundarstjóra og Elínborgu S. Pálsdóttur fundarritara. Ekki komu fram aðrar tillögur og töldust þau þar með rétt kjörin.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til fundarins í samræmi við samþykkt byggðasamlagsins. Hann kallaði eftir því hvort gerðar væru athugasemdir við lögmæti fundarins eða boðun hans. Engar athugasemdir komu fram.

Hluti fulltrúa tók þátt í fundinum gegnum fjarfundabúnað. Áður en að gengið var til dagskrár var farið yfir fjölda atkvæða og nöfn viðkomandi fulltrúa sveitarfélaga, skv. eftirfarandi.

Sveitarfélag	Fjöldi atkvæða á aðalfundi 2022	Fulltrúar á aðalfundi 2021
Vopnafjarðarhreppur	3	Sandra Konráðsdóttir
Fljótsdalshreppur	1	Halla Auðunardóttir
Múlaþing	15	Berglind Harpa Svavarsdóttir og Helgi Hlynur Ásgrímsson (7,5+7,5)
Fjarðabyggð	15	Jón Björn Hákonarson
Hornafjörður	8	Anna Ragnarsdóttir

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd sem sátu fundinn án atkvæðisréttar: Gunnhildur Imsland, Kristín Ágústsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson.

Starfsfólk sem sat fundinn án atkvæðisréttar: Elínborg S. Pálsdóttir og Lára Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2021
2. Ársreikningur 2021
3. Umræða um liði 1 og 2
4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár
5. Gjaldskrá HAUST.
6. Umræður um liði 4 og 5
7. Ný heilbrigðisnefnd
8. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2021

Jón Björn Hákonarson flutti skýrslu stjórnar og fylgir skýrslan fundargerðinni.

2. Ársreikningur 2021 lagður fram

Lára Guðmundsdóttir kynnti ársreikning 2021. Reikningurinn er endurskoðaður af KPMG. Ársreikningurinn var tekinn fyrir hjá heilbrigðisnefnd á fundi 14.9.2022 og þá afgreiddur til aðalfundar.

	Niðurstaða ársreiknings 2021	Áætlun 2022
Tekjur	87.582.476	89.866.448
Gjöld	86.935.794	92.150.488
Niðurstaða	659.590	-2.284.040

3. Umræða um liði 1 og 2

Til máls tóku: Stefán Bogi Sveinsson, Jón Björn Hákonarson og Lára Guðmundsdóttir.

Að umræðu lokinni bar fundarstjóri ársreikninginn upp til atkvæðagreiðslu og var hann samþykktur samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár

Lára Guðmundsdóttir kynnti fjárhagsáætlun komandi starfsárs. Drög að henni voru samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar 14.9.2022. Í áætluninni er meðal annars gert ráð fyrir að tímagjald hækki um 5% og að íbúafraglag sveitarfélaga verði lækkað úr 29,5% í 25%.

5. Gjaldskrá HAUST

Lára Guðmundsdóttir kynnti tillögu að breytingu á gjaldskrá HAUST. Tillagan gerir ráð fyrir að upphæðir í nýrri gjaldskrá verði eftirfarandi:

Gjaldskrárbreytingar			
	Nr. 22/2022	Tillaga 2023	Breyting
Tímagjald	14.000	14.700	5,00%
Vatnssýni	28.500	30.000	5,26%
Önnur sýni	21.000	22.000	4,76%
Ný starfsleyfi	26.500	28.000	5,66%
Endurnýjuð starfsleyfi	20.100	21.000	4,48%

6. Umræður um liði 4 og 5

Til máls tóku: Anna Ragnarsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson og Stefán Bogi Sveinsson.

Að umræðu lokinni bar fundarstjóri gjaldskrána upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða. Að því loknu var fjárhagsáætlun komandi starfsárs einnig borin upp og samþykkt samhljóða.

7. Ný heilbrigðisnefnd

Ný heilbrigðisnefnd var kynnt og er hún þannig skipuð:

Aðalmenn:	Stefán Þór Eysteinnsson, Fjarðabyggð Jónína Brynjólfsdóttir, Múlaþingi Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþingi Anna Ragnarsdóttir Pedersen, Hornafirði Sandra Konráðsdóttir Vopnafirði
F.h. atvinnurekenda	Benedikt Jóhannsson
F.h. náttúruverndarnefnda	Kristín Ágústsdóttir
Varamenn:	Puríður Lillý Sigurðardóttir, Fjarðabyggð Ólafur Áki Ragnarsson, Múlaþingi Kristjana Sigurðardóttir, Múlaþingi Janine Arens, Hornafirði Guðni Jónsson, Fljótsdalshreppi
F.h. atvinnurekenda	(Enginn tilnefndur)
F.h. náttúruverndarnefnda	Gunnhildur Imsland

8. Önnur mál

Á fundi heilbrigðisnefndar 14.9.2022 var formanni og varaformanni falið að fara yfir reglur um þóknun fulltrúa í heilbrigðisnefnd og gera tillögur að breytingum til aðalfundar. Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Aðalfundur samþykkir að um þóknun heilbrigðisnefndar fari með sama hætti og verið hefur, þó með þeirri breytingu að greidd verði hálf þóknun fyrir hvern fund sem setinn er gegnum síma eða fjarfundarbúnað.

Greinargerð:

Verulegur munur er á þeim tíma sem heilbrigðisnefnd tekur til fundar eftir því hvort um er að ræða staðfund eða fjarfund. Eðlilegt er að það endurspeglist í þóknun. Sú þóknun sem áætluð er fyrir fjar- eða símafund samkvæmt tillögunni er eftir sem áður í góðu samræmi við það sem gengur og gerist varðandi þóknun fyrir sambærileg störf á vettvangi sveitarstjórna.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Eftirtaldir tóku til máls: Berglind Harpa Svavarsdóttir, Anna Ragnarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jón Björn Hákonarson, Stefán Bogi Sveinsson og Sandra Konráðsdóttir.

Fram kom eftirfarandi vísunartillaga:

Aðalfundur samþykkir að vísa tillögu um þóknun heilbrigðisnefndar til nýrrar heilbrigðisnefndar til endanlegrar afgreiðslu á sínum fyrsta fundi.

Greinargerð:

Kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi eru jafnan í þeirri stöðu að taka ákvörðun um eigin kjör. Því er ekki óeðlilegt að ný heilbrigðisnefnd fari yfir þá tillögu sem fram kom á aðalfundi og taki síðan afstöðu til hennar.

Fundarstjóri bar vísunartillöguna upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

Ekki komu fram fleiri önnur mál og var dagskrá fundarins þar með tæmd.

Fundarstjóri afhenti fráfarandi formanni stjórn fundarins og þakkaði hann fyrir góða fundarstjórn.

Fráfarandi formaður flutti nokkur lokaorð þar sem hann þakkaði Leifi Þorkelssyni, sem lét af störfum sem framkvæmdastjóri HAUST nýverið, fyrir samstarfið á liðnum árum. Var honum óskað velfarnaðar í nýju starfi, en hann hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:35.

Í lok fundar var fundarstjóra og framkvæmdastjóra falið að ganga endanlega frá fundargerð og staðfesta hana með undirritun sinni.

Skýrsla stjórnar HAUST á aðalfundi 2022

Sú heilbrigðisnefnd sem formlega lýkur skyldum sínum hér í dag, tók við á aðalfundi byggðasamlagsins haustið 2018. Hér á eftir verður skipuð ný heilbrigðisnefnd og þar með talinn nýr formaður en Jón Björn Hákonarson hefur starfað sem formaður nefndarinnar síðan haustið 2015 og lætur nú af því embætti.

Frá síðasta aðalfundi sem fram fór á Hótel Höfn í byrjun nóvember 2021 hafa verið haldnir sex fundir í heilbrigðisnefnd, þar af einn snertifundur og fór hann fram á Skriðuklaustri um miðjan september. Starfið innan nefndarinnar hefur verið farsælt og samstarf nefndarinnar og starfsmanna HAUST sömuleiðis.

Starfsfólk

Engar breytingar urðu á síðast liðnu starfsári á starfsmannahaldi og voru starfandi 6 starfsmenn í 4,9 stöðugildum líkt og árið 2021. Samsetning starfsmanna hefur engu að síður tekið þó nokkrum breytingum frá síðasta aðalfundi þar sem Leifur Þorkelsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri um síðast liðin mánaðarmót. Er honum þakkað gott samstarf og óskað velfarnaðar í nýju starfi. Starf framkvæmdastjóra var auglýst á dögnum og var gengið frá ráðningu Láru Guðmundsdóttur, sem verið hefur staðgengill framkvæmdastjóra HAUST frá árinu 2017.

Rekstur

Byggðasamlagið hefur verið rekið með nokkrum rekstararfangi undanfarin ár og hefur hluti íbúaframlags sveitarfélagana nú verið endurgreitt síðast liðin tvö ár. Enda ekki æskilegt að byggðarsamlag sé að skila hagnaði eða safna upp sjóðum og hefur því þessi leið farin. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 var tekið mið af rekstri síðustu ára og samþykkti stjórn HAUST að lækka íbúaframlag sem sveitarfélögin greiða til rekstursins í samræmi við þetta. Tekjum er ætlað að standa undir þeirri lögbundnu þjónustu sem embættinu er ætlað að veita og kostnaður við reksturinn hefur verið óvenju lágur og er ástæða þess að hluta til vegna minni ferðalaga og annarra áhrifa sem Covid-19 hafði á reksturinn. Jákvæðu áhrif faraldursins eru vissulega þau að aukið framboð er á fjarfundum sem áður kröfðust ferðalaga til höfuðborgarinnar með auknum tilkostnaði.

Starfsumhverfi

Ný reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur sem hangið hefur yfir höfði heilbrigðiseftirliti undanfarin ár tekur nú gildi 14. nóvember næst komandi. Reglugerðin gerir rekstaraðilum skylt að skrá sína starfsemi í miðlæga rafræna gátt sem hjá Umhverfisstofnun í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um rafræna stjórnarsýslu. Markmið reglugerðarinnar var að einfalda og auka skilvirkni stjórnarsýslunnar og að auðvelda aðgengi að henni. Ljóst er að reglugerðin er í þversögn við yfirlýst markmið hennar. Nú þegar innan við mánuður er til gildistöku reglugerðarinnar hefur sú gagnagátt sem taka á við skráningum ekki verið fullkláruð og það sama má segja um þau fjölmörgu starfsskilyrði sem gilda fyrir mismunandi fyrirtækjaflokka. Ekki hefur verið leyst úr því hvernig gjaldtöku vegna skráningar verður háttáð en ljóst er að hluti af tekjum sem áður runnu til Heilbrigðiseftirlitana færirst nú yfir til UST. Óskað hefur verið eftir frestun á gildistöku reglugerðarinnar án árangurs.

Í byrjun árs voru drög að heildarendurskoðun á reglugerð um hollustuhætti birt í samráðsgátt stjórnvalda. Reglugerð um hollustuhætti er hryggjarstykkið í allri vinnu heilbrigðisfulltrúa og unnið hefur verið að endurskoðun reglugerðarinnar frá árinu 2018. Starfsmenn HAUST hafa lagt mikla vinnu í verkefnið og ekki laust við nokkur vonbrigði hafi orðið þegar drögin litu dagsins ljós. Þó nokkrar athugasemdir bárust við drögin en lítið hefur heyrst um afdrif reglugerðarinnar síðan þá. Er það von Heilbrigðisnefndar að áfram verið unnið að endurskoðun reglugerðarinnar í ljósi þeirra athugasemda sem bárust. Enda mikilvægt fyrir heilbrigðisnefndir að reglugerðin verði endurskoðuð sem fyrst og að sú vinna skili sér í skilvirkara eftirliti og skýrari leiðbeiningum ekki eingöngu til eftirlitsaðila heldur einnig almennings og fyrirtækja.

Á síðast liðnu starfsári rann út samningur milli HAUST og UST um framkvæmd eftirlits með fiskimjölsverksmiðjum á starfssvæði HAUST. Þrátt fyrir gott samstarf starfsmanna HAUST og UST, ítrekaðar beiðnir heilbrigðisnefndar til yfirstjórnar UST um aukin eftirlitsverkefni, hefur UST ekki orðið við endurnýjun samninga. Þar með lýkur stórum kafla í sögu HAUST en eftirliti með fiskimjölsverksmiðjum verið sinnt frá árinu 1995. HAUST sinnti með sambærilegum hætti eftirliti með sorpurðunarstöðum á árunum 1998-2019. Það hefur verið skoðun Heilbrigðisnefndar að skilvirkara sé að eftirliti sé sinnt úr nærumhverfinu og hefur flutningi verkefna frá sveitarfélögum yfir til ríkisstofnana verið mótmælt.

Lítið hafði frést af vinnu á vegum umhverfis, orku og loftslagsráðuneytisins um endurskoðun á eftirlitskerfi með matvælum, mengunarvörnum og hollustuháttum í kjölfar greiningar á opinberu eftirliti sem KPMG framkvæmdi árið 2020. Í síðustu viku bar þó til tíðinda þegar Guðlaugur Þór Þórðarson ráðherra skipaði starfshóp um fyrirkomulag eftirlits í samráði við matvælaráðuneytið og skal starfshópur skila tillögum til ráðherra fyrir 1. mars 2023. Samráðshópnum er ætlað að hafa samráð við hagaðila og viðkomandi stofnanir og mun HAUST ekki skorast þar undan verði eftir því leitað.

Undirritunarsíða

Lára Guðmundsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson